



Menningar- og fræðamiðstöð í Garðabæ

Vegvísir 2018

Leiðarljós - Markmið
Frumþarfagreining - Valkostir um staðsetningu
Fjárhagslega hliðin

Starfshópur skipaður af bæjarráði Garðabæjar

Apríl 2018



Samantekt

Í samræmi við samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar frá 15. febrúar 2018 hefur starfshópur um fjölnota menningar- og fræðamiðstöð kannað grundvöll fyrir byggingu og starfsemi slíkrar miðstöðvar í Garðabæ. Með skýrslu þessari skilar starfshópurinn frumþarfagreiningu þar sem horft er til nýtingar miðstöðvarinnar fyrir fjölbreytt menningar- og fræðastarf allra aldurshópa.

Í þeirri vegferð sem lagt verður upp í er lögð á það áhersla að Garðabær fái ímynd menningar, sköpunar, fræðastarfa og náttúruverndar. Skapaður verði **menningar- og fræðaklasi**, vegleg umgjörð utan um alls kyns menningarstarfsemi, starfsemi frumkvöðla í skapandi greinum, menningartengda ferðaþjónustu og hugsanlega ráðstefnuhald. Lykilatriði er að menningar- og fræðamiðstöðin verði **lifandi alþýðuhús**, að þar verði líf allan daginn. Til þess að því markmiði verði náð þarf einhver starfsemi/stofnun að hafa þar **fasta búsetu**. Söfnin í bænum geta gegnt þar kjölfestuhlutverki. Litræn stjórnun þarf að vera leiðandi í starfsemi hússins, grundvallaratriði að þar verði metnaðarfullur **litrænn stjórnandi**. Gæta þarf að ráðdeild bæði í fjárfestingu og rekstri.

Á opnum íbúafundi þann 11. apríl 2018 leitaði starfshópurinn álits á því hvaða starfsemi ætti að vera í fjölnota menningar- og fræðamiðstöð Garðabæjar. Helstu niðurstöður fundarins fylgja með greinargerð starfshópsins.

Hjá viðmælendum sem starfshópurinn kallaði til sín kom fram það sjónarmið að sérstaða hússins þyrfti að vera skýr. Sú nálgun að hafa miðstöðina „fjölnota“ gæti leitt til þess að starfsemin yrði of flókin og ekkert sérstakt stæði upp úr sem sérkenni. Hitt sjónarmiðið kom einnig fram að miðað við stærð bæjarfélagsins og landsins væri hagnýtt og snjallt að hafa fjölþætta starfsemi í miðstöðinni. Til umræðu kom einnig hvort um eina menningarbyggingu væri að ræða eða þyrpingu/klasa húsa sem byggðar yrðu á lengra tímabili utan um starfsemi í hverju húsi. Við frekari stefnumótun þarf að taka ákvörðun um hvor nálgunin þjónar betur markmiðum miðstöðvarinnar og Garðabæjar. Næsta skref í þessari stefnumótun er að taka afstöðu til þess hvort starfsemin eigi að vera fjölþætt eða þrengri, hver sérstaða miðstöðvarinnar/hússins eigi að vera og hvort miðstöðin verði í einni stórri byggingu eða í klasa minni húsa. Þótt áhersla sé á fjölbreytt menningarstarf í miðstöðinni þarf að gæta þess vel að færast ekki of mikið í fang í upphafi.

Samkvæmt erindisbréfi starfshópsins var hópnum falið að leggja til valkosti um staðsetningu menningar- og fræðamiðstöðvar í Garðabæ, m.a. með umferðarmál og aðgengi að leiðarljósi. Starfshópurinn leggur til að eftirfarandi valkostir verði skoðaðir nánar við ákvörðun á staðarvali fjölnota menningar- og fræðamiðstöðvar í Garðabæ: Útbær, svæði 1 – Lambhúsatjörn, Innbær, svæði 2 – Fitjatorg, Innbær, svæði 3 – Vífilstaðir, önnur svæði sem nefnd eru til sögunnar í greinargerðinni þykja líka áhugaverð.

Mikilvægt er að skoða vel hvaða rekstrarform henti best menningar- og fræðamiðstöðinni, þ.e. innan stjórnsýslu bæjarins eða t.d. í sjálfseignarstofnun.

Eftir að rýmisáætlun á grundvelli endanlegrar þarfagreiningar liggur fyrir, þar sem rými eru nánar skilgreind og stærð þeirra áætluð, og heildarstærð húss/mannvirkja hefur verið ákveðin er hægt að áætla gróflega framkvæmdarkostnað. Við hönnun húss og lóðar verður útfærsla, efnisval og þess háttar ákveðið og þá fyrst verður hægt að áætla heildarkostnað við verkið af meiri nákvæmni.



Efnisyfirlit

Samantekt	2
Inngangur	4
Ímynd – Leiðarljós – Hlutverk - Markmið	5
1. Vinna starfshópsins	6
2. Þarfir - hugmyndir og greining	7
2.1 Lífandi alþýðuhús	7
2.2 Menningar- og fræðaklasi	7
2.3 Atvinnustarfsemi	8
2.4 Fjölbreytileiki	10
2.5 Niðurstöður opins íbúafundar	12
3. Staðsetning	13
3.1 Útbær, svæði 1 - Lambhúsatjörn.....	13
3.2 Innbær, svæði 2 - Fitjatorg	14
3.3 Innbær, svæði 3 - Vífilstaðir	15
3.4 Önnur svæði.....	16
4. Fjárhagslegar hliðar verkefnisins	17
4.1 Rekstrarform	17
4.2 Rýmisáætlun - kostnaðarmat	17
4.3 Rekstrarkostnaður	17
Niðurlag	18
Viðaukar	19
Viðauki 1: Minnisblöð frá forstöðumanni Hönnunarsafns Íslands, forstöðumanni Bókasafns Garðabæjar og skólastjóra Tónlistarskóla Garðabæjar.....	19
Viðauki 2: Helstu niðurstöður opins íbúafundar 11. apríl 2018	24



Inngangur

Starfshópur um fjölnota menningar- og fræðamiðstöð í Garðabæ var skipaður samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar frá 15. febrúar 2018. Hlutverk hópsins var að kanna grundvöll fyrir byggingu og starfsemi fjölnota menningar- og fræðamiðstöðvar í Garðabæ.

Samkvæmt verkefnislýsingu skyldi vinna grófa þarfagreiningu þar sem horft er til nýtingar hússins fyrir fjölbreytta menningar- og fræðastarfsemi fyrir alla aldurshópa, s.s. aðstöðu fyrir söfn bæjarins, tónlist, myndlist, leiklist, dans og skapandi greinar almennt, ráðstefnur og sýningar. Einnig frumkvöðlastarfsemi og vettvang ungs fólks og eldri borgara bæjarins til að njóta menningar og lista. Einnig skyldi leggja til valkosti um staðsetningu, m.a. með umferðarmál og aðgengi að leiðarljósi.



Starfshópurinn hélt sjö fundi á starfstíma sínum þar sem tekið var á móti gestum hópsins. Starfshópurinn gekkst fyrir opnum íbúafundi þann 11. apríl 2018 þar sem rúmlega 70 manns mættu og tóku þátt í hópavinnu. Starfshópurinn fékk til sín viðmælendur til að fá fram þeirra sýn, viðhorf og hugmyndir um undirbúning að uppbyggingu og rekstri menningar- og fræðamiðstöðvar.

Greinargerð þessi skiptist í fjóra meginkafla. Í fyrsta kafla er sagt frá vinnu starfshópsins. Annar kaflinn er um frumþarfagreiningu verkefnisins. Í þriðja kafla er fjallað um valkosti um staðsetningu menningar- og fræðamiðstöðvar og í fjórða kafla eru tilgreindar fjárhagslegar hliðar verkefnisins. Í viðauka er ítarefni frá forstöðumönnum Hönnunarsafns Íslands og Bókasafns Garðabæjar svo og skólastjóra Tónlistarskóla Garðabæjar ásamt niðurstöðum opins íbúafundar um menningar- og fræðamiðstöð þann 11. apríl 2018.

Með greinargerð þessari telur starfshópurinn sig hafa lokið því starfi sem hópnum var falið samkvæmt erindisbréfi.

Garðabæ, 27. apríl 2018.

Starfshópur um fjölnota menningar- og fræðamiðstöð í Garðabæ:

 Sigríður Hulda Jónsdóttir	 Ingibjörg Guðjónsdóttir
 Þóroddur Bjarnason	 Laufey Jensdóttir
 Gunnar Valur Gíslason, formaður	



Ímynd – Leiðarljós – Hlutverk - Markmið

Menning og listir koma til með að leika stórt hlutverk við áframhaldandi uppbyggingu bæjarfélagsins okkar, bæði þá uppbyggingu sem nú stendur yfir og þá sem framundan er á næstu árum og áratugum. Mikilvægt er að velta fyrir sér þeirri **ímynd** sem bæjaryfirvöld vilja skapa bænum og hvaða **leiðarljós** skuli varða leiðina á þeirri vegferð sem farin verður.



Frá Jónsmessugleði Grósku á Strandstígunum 2017

Ímynd

Garðabær verði ímynd menningar, sköpunar, fræðastarfa og náttúruverndar.

Leiðarljós

Menningar- og fræðamiðstöð Garðabæjar standi jafnfætis bestu menningarmiðstöðvum Íslands varðandi aðstöðu, búnað og viðburði.

- Starfsemin styðji vel við grósku, frumkvæði og sköpunarkraft bæjarbúa.
- Gætt verði að ráðdeild í fjárfestingu og rekstri.

Hlutverk

Menningarhús gegna margskonar hlutverki. Einna þekktust eru félagsheimilin sem gegna mikilvægu hlutverki í sveitum landsins. Á höfuðborgarsvæðinu eru tónleikahús, leikhús og söfn af ýmsum toga sem mikilvægt er að horft sé til þegar hlutverk fjölnota menningar- og fræðamiðstöðvar í Garðabæ er skilgreint.

Menningarmiðstöð: Lifandi miðstöð fjölbreytileika, mannlífs og menningar.

Miðlun fræða: Fyrir bæjarbúa og gesti um sögu, náttúru og menningararfleifð bæjarins, forsetasetrið, fræðsluferðir skólahópa, náttúru- og fuglaskoðun. Miðpunktur þjónustu við ferðamenn og bæjarbúa, upplýsingamiðstöð, skoðunarferðir, gönguhópar.

Frumkvöðlasetur: Frumkvöðlasetur sem horft er til með veitinga- og kaffihúsi, verslun og hugsanlega ráðstefnuaðstöðu.

Markmið

Markmið er að skapa lifandi vettvang með mikið aðdráttarafl fyrir menningu, listir og samveru bæjarbúa, andlit bæjarins út á við, sem gjörbreyti til batnaðar aðstöðu bæjarbúa til að njóta sköpunar og fræða.

Til þess að ná þessu markmiði verður lagt upp með að móta byggingu/klasa bygginga sem verði eitt helsta kennileiti bæjarins. Mannvirki taki mið af nærliggjandi umhverfi.



1. Vinna starfshópsins

Bæjarráð skipaði starfshópinn þann 27. febrúar 2018 samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar frá 15. febrúar 2018. Hópurinn kom fyrst saman 6. mars og hefur haldið alls sjö fundi auk smærri vinnufunda. Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri Garðabæjar, vann með hópnum allan tímann.

Í upphafi skipti starfshópurinn vinnu sinni í þrjá megin verkþætti;

- a) Þarfir - hugmyndir og greining, fjallað um þarfir menningar- og fræðamiðstöðvar í víðu samhengi.
- b) Staðsetning, farið yfir valkosti um staðsetningu.
- c) Fjárhagslegar hliðar verkefnisins, rekstrarform, rýmisáætlun, kostnaðarmat, rekstrarkostnaður.

Starfshópurinn fékk til fundar við sig eftirtalda viðmælendur:

- Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri Garðabæjar. Starfshópnum var kynnt aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030 og farið var yfir hugsanlega valkosti um staðsetningu menningar- og fræðamiðstöðvar, m.a. með hliðsjón af umferðarmálum og aðgengi.
- Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri Garðabæjar. Fjárhagslegar hliðar verkefnisins ræddar.
- Sigríður Sigurjónsdóttir, forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands.
- Margrét Sigurgeirsdóttir, forstöðumaður Bókasafns Garðabæjar.
- Laufey Ólafsdóttir, skólastjóri Tónlistarskóla Garðabæjar.
- Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, fyrrum verkefnisstjóri við undirbúning og byggingu menningarhússins Hofs á Akureyri. Ingibjörg var jafnframt fyrsti framkvæmdastjóri Hofs, var þar við störf frá opnun 2010 til ársins 2014.
- Ólafur Andri Ragnarsson, framtíðarfræðingur. Farið var yfir tækniþróun og framtíðarhugmyndir.
- Erling Jóhannesson, forseti Bandalags íslenskra listamanna. Horft var yfir sviðið frá sjónarhóli og hagsmunum listamanna.

Auk þess funduðu formaður starfshópsins og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri um verkefnið með Jónu Sæmundsdóttur, formanni umhverfisnefndar Garðabæjar og Guðbjörgu Brá Gísladóttur, starfsmanni nefndarinnar svo og Katrínu Friðriksdóttur, forstöðumanni fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar.

Starfshópurinn gekkst fyrir opnum íbúafundi 11. apríl 2018 þar sem kallað var eftir hugmyndum íbúa inn í verkefnið. Markmið með því að kalla eftir skoðunum íbúa og ábendingum á þessu stigi var að stuðla að samheldni bæjarbúa um verkefnið og mótun þess frá upphafi. Rúmlega 70 manns mættu á fundinn og tóku þátt í störfum þar.

Niðurstöður fundarins hafa verið teknar saman og flokkaðar og fylgja þær greinargerð þessari í **Viðauka 2**.



2. Þarfir - hugmyndir og greining

Starfshópurinn lítur á frumþarfagreiningu þessa sem forvinnu til að draga fram á kerfisbundinn hátt upplýsingar til að móta tilvonandi framkvæmd við menningar- og fræðamiðstöð í Garðabæ áður en að gerð rýmisáætlunar og frumhönnun mannvirkja kemur, skilgreina markmið, megináherslur og væntingar notenda.

2.1 Lifandi alþýðuhús

Að mati viðmælenda starfshópsins er lykilatriði fyrir menningarmiðstöðina að þar verði líf allan daginn, að miðstöðin verði **lifandi alþýðuhús**. Til þess að því markmiði verði náð þarf einhver starfsemi/stofnun að hafa þar fasta búsetu, í Hofi á Akureyri er það t.d. tónlistarskólinn. Aðstaða þarf að vera fyrir listamenn, bæði vinnuaðstaða og sýningaraðstaða. Bókasafn og gott kaffihús.



Frá Þoravöku Kvinnakórs Garðabæjar 2017.

Hönnunarverslun gæti einnig komið til.

Dagskráin skiptir líka miklu máli, hvað þar er verið að framleiða. T.d. er mikilvægt að á haustin sé lögð fram samfelld og fjölbreytt vetrardagskrá. Það verður ekki auðvelt nema til komi **föst búseta**, e.k. atvinnustarfsemi með **fasta framleiðslu**.

Föst búseta – Listræn stjórnun

Hryggjarstykkið fyrir rekstur menningar- og fræðamiðstöðvar er að þar verði **föst atvinnustarfsemi**, t.d. safnastarfsemi, tónlistarskóli eða aðrar atvinnulistgreinar.

Listræn stjórnun þarf að vera leiðandi í starfsemi hússins, **listrænn stjórnandi** er nauðsynlegur.

Fjármögnun menningar

Þetta kallar í raun á stefnumótun hjá bænum varðandi fjármögnun menningar, hvar við ætlum að staðsetja okkur í menningarlífinu. Hvort bærinn muni setja peninga í eigin framleiðslu menningarviðburða í stórum stíl eða hvort starfsemi með fasta búsetu fái fé til að fjármagna viðburði í gegnum samstarfssamninga.

Aðrir hópar kæmu með sína viðburði sem þeir væru búnir að fjármagna. Á móti þyrfti bærinn að vera sveigjanlegur varðandi leiguverð gagnvart slíkum hópum, einkum á meðan starfsemin er að verða til.

2.2 Menningar- og fræðaklasi

Til þess að Menningar- og fræðamiðstöð verði menningarhús allra bæjarbúa þarf að tryggja að þar verði vegleg umgjörð um fjölbreytta menningarstarfsemi. Rými þar séu hönnuð með ólíkar þarfir í huga, svo sem tónlist og tónlistarflutning þ.m.t. kórsöng, vinnuaðstöðu listamanna og listsýningar ýmiss konar, þannig að til verði e.k. **menningar- og fræðaklasi**.



Í **menningar- og fræðaklasa** er mikilvægt að huga að aðstöðu fyrir starfsemi frumkvöðla í skapandi greinum svo og menningartengda ferðaþjónustu. Auk þess er vert að skoða hvort í klasanum geti verið aðstaða fyrir ráðstefnuhald.

Söfnin í bænum geta verið kjölfesta í eða hluti af **menningar- og fræðaklasa**. Hugsanlegar safneiningar eru Hönnunarsafn Íslands, Bókasafn Garðabæjar, safn um sögu Garðabæjar/ byggðasafn, listasafn bæjarins, jafnvel héraðsskjalasafn. Nálægð safneininga getur stuðlað að auknu samstarfi milli þeirra, t.d. á sviði rannsókna, fræðslu eða öðru og eflt samvinnu við skóla á framhaldsskóla- og háskólastigi um fræðaiðkun á safngripum og íslenskri menningarsögu.

Menningar- og fræðaklasi mun styðja við leik- og grunnskóla bæjarins með því að skapa möguleika á margskonar fræðslu fyrir börn og nemendur. Miðstöðin getur tekið á mótí nemendahópum og auk þess boðið upp á fræðsluefni fyrir nemendur á öllum skólastigum við nám þeirra.

2.3 Atvinnustarfsemi

Sem dæmi um grunn fyrir atvinnustarfsemi með fasta búsetu í Menningar- og fræðamiðstöð hefur starfshópurinn horft til Tónlistarskóla Garðabæjar, Hönnunarsafns Íslands og Bókasafns Garðabæjar.

Meðal viðmælenda hópsins voru skólastjóri tónlistarskólans og forstöðumenn safnanna tveggja. Sjá einnig **viðauka 1** hér að aftan.

Hönnunarsafn Íslands

Hönnunarsafn Íslands, sem þykir vera einstakt safn á landsvísi, er hluti af íslenskum og erlendum safnaheimi. Mikilvægt er að safnið sé sýnilegt, vel staðsett og í góðum tengslum við aðrar menningarstofnanir bæjarins, t.d. bókasafnið sem samstarf er við varðandi skráningu á bókakosti Hönnunarsafnsins.

Arkitektasamkeppni fór fram um nýtt hús undir safnið við Garðatorg árið 2007 en fallið var frá þeim áformum og núverandi húsnæði tekið á leigu.



Frá sýningu í Hönnunarsafni Íslands 2017

Fyrir liggur stefnumótun stjórnar Hönnunarsafnsins 2015-2019 þar sem m.a. er að finna eftirtalin **markmið** sem lúta að húsnæði safnsins, ímynd og sýnileika:

- Að bæta húsakost safnsins til móts við þarfir og almennar kröfur í söfnum og bæta sýnileika safnhússins í umhverfi sínu.
- Að taka þátt í að efla ímynd Garðabæjar sem nærsamfélags þar sem áhersla á hönnun og nýsköpun er höfð að leiðarljósi.



- Að auka sýnileika safnsins sem mikilvægrar þekkingarmiðstöðvar og menningarstaðar sem varðveitir einstakar heimildir um íslenska hönnun.

Bókasafn Garðabæjar

Bókasafn Garðabæjar var stofnað árið 1968 og var upphaflega til húsa í Flataskóla. Þegar nýr Garðaskóli var byggður var starfsemi bókasafnsins flutt þangað. Árið 1998 var safnið opnað á nýjum stað á Garðatorgi þar sem aðalsafnið er enn. Frá sameiningu við Álftanes í byrjun árs 2013 hefur einnig verið rekið útibú í Álftanesskóla, það safn er jafnframt skólasafn. Safnið á Álftanesi var stofnað árið 1956.

Bókasafnið er upplýsinga- og menningarmiðstöð sem veitir aðgang að fjölbreyttum bókakosti, gögnum og miðlum til fræðslu og afþreyingar í þeim tilgangi að örva lestraráhuga og styðja við menningarlíf samfélagsins. Þá er safninu ætlað að efla íslenska tungu, stuðla að símenntun og síðast en ekki síst styðja við atvinnu- og menningarlíf í Garðabæ ásamt því að safna gögnum um sögu Garðabæjar.

Leiðarljós Bókasafns Garðabæjar er að standa jafnfætis bestu almenningsbókasöfnum á landinu hvað varðar safnkost, búnað og þjónustu.

Starfsemi Bókasafns Garðabæjar í núverandi mynd á Garðatorgi hefur verið öflug en þróunarmöguleikar takmarkaðir vegna stærðar húsnæðisins. Síðustu ár hefur verið unnið að nýjum áherslum bókasafnsins með það að markmiði að efla ímynd þess og styðja við hlutverk þess í samfélaginu þar sem megináherslan er á gestinn sem sækir safnið heim.

Bókasafn Garðabæjar gæti vaxið og dafnað enn frekar í nýju húsnæði, s.s. í nýrri menningar- og fræðamiðstöð.

Tónlistarskólinn

Í Tónlistarskóla Garðabæjar eru um 500 nemendur skólaárið 2017-18. Alls er kennt á sjö stöðum, tveimur meginstarfstöðvum og í fimm grunnskólum auk þess sem gert er ráð fyrir deild í Urriðaholtsskóla. Um 35-40% af kennslu tónlistarskólans fer fram í grunnskólum bæjarins.

Salur tónlistarskólans rúmar um 120 manns, þar af eru 105 föst sæti. Marga tónleika á vegum tónlistarskólans er ekki hægt að halda í skólanum og eru slíkir tónleikar gjarnan fluttir í Vídalínskirkju, t.d. stór samspil og hljómsveitir.



Kórsöngur í Bókasafni Garðabæjar á Safnanótt 2018.



Tónleikar í sal tónlistarskólans



Á skólaslit tónlistarskólans mæta um 350 manns. Skólasetning er jafnan haldin í skólanum, þá er anddyrið fullt og hátalarar settir fram.

2.4 Fjölbreytileiki

Tónlist-tónlistarflutningur

Tónlist hefur skipað stóran sess í menningarlífi Garðabæjar undanfarin ár. Í Garðabæ hefur verið öflugt kórastarf með kvennakór, kirkjukórum, kórum eldri borgara og skólakórum. Kórastarf og kórtónleikar kalla á 250 - 350 manna sal með tilheyrandi hliðaraðstöðu. Eins og fram kemur hér að framan á það einnig við um stærri viðburði eins og skólaslit tónlistarskólans.

Ýmsar tónleikaraðir sem hafa verið haldnar í bænum, s.s. Jazzhátíð Garðabæjar og Þriðjudagsklassík, kalla á minni salarkynni en allt fer það eftir dagskrá hverju sinni. Ný aðstaða til tónlistarflutnings gefur færi á meira tónleikahaldi af alls kyns toga. Auk aðstöðu fyrir tónlistarflutning í fjölnota menningar- og fræðaklasa gæti verið til staðar upptökustúdíó fyrir tónlist.



Frá Jazzhátíð 2018. Tónleikar í Jónshúsi

Aðrar skapandi greinar - fjölnotarými

Aðrar skapandi greinar eins og leiklist og dans gætu átt sér samastað í fjölnotarými í menningar- og fræðamiðstöð/klasa þar sem auðvelt væri að breyta rými og uppstillingu hverju sinni eftir því hvaða viðburður væri í rýminu.

Myndlist - sýningar - listasafn

Í Garðabæ vantar góða aðstöðu fyrir myndlistarsýningar. Í tengslum við rými fyrir myndlistarsýningar væri einnig hægt að skoða möguleika á að hafa til staðar vinnustofur og/eða listagallerý.

Verk í eigu Garðabæjar hanga uppi í stofnunum bæjarins. Skoða mætti leiðir til að safna verkunum saman, móta listasafn og gera þeim betri skil t.d. með sýningum og upplýsingum um verkin í rafrænni skrá.



Listsýning í sýningarsal Grósku 2017.

Frumkvöðlastarfsemi - nýsköpun

Við hönnun hússins og val á þeirri starfsemi sem í því verður er mikilvægt að horfa til framtíðar varðandi upplýsingatækni og sýndarveruleika, jafnvel í tengingu við sögu Garðabæjar, eldvirkni, fuglalíf og samspil náttúru og manns. Umhverfissjónarmið og sjálfbærni samfélaga skulu höfð í hávegum við hönnun.



Atvinnustarfsemi þessu tengd sem gæti verið í miðstöðinni væri samofin vinnuaðstaða fyrir bæði skapandi greinar og aðra nýsköpunarstarfsemi.

Vettvangur fólks á öllum aldri

Húsið þarf að bjóða upp á rými og starfsemi sem höfðar til allra aldurshópa þar sem horft er til þess að nýting hússins verði góð allan daginn.

Mikilvægt er fyrir unga fólkið að eiga stöðugt aðgengi að listsköpun framúrskarandi listamanna.

Fornleifar – safn um sögu byggðar

Fornleifar sem fundist hafa í landi Garðabæjar skipta hundruðum. Þær eru mjög fjölbreytilegar og margar afar merkilegar, þær elstu frá því um landnám. Í Garðabæ hafa fornleifarnar verið skráðar og hnitsettar. Gagnagrunnur um þær er aðgengilegur í landupplýsingakerfi bæjarins.

Í Garðabæ er ekkert eiginlegt minjasafn en áhugi á að setja upp slíkt safn hefur verið fyrir hendi. Vísir að minjasafni Garðabæjar fékkst þegar Kvenfélag Garðabæjar stóð að skráningu á gömlum munum og afhenti Garðabæ nokkra þeirra ásamt lista með upplýsingum um munina. Bókasafn Garðabæjar hefur einnig lýst yfir áhuga sínum að geta gert sögu Garðabæjar betri skil með sérstakri átthagadeild þar sem sögð væri saga Garðabæjar.

Saga Garðabæjar eftir Steinar J. Lúðvíksson var gefin út á bók í fjórum bindum árið 2015.

Aðrir staðir sem segja sögu Garðabæjar en eru ekki söfn í eiginlegum skilningi eru Bessastaðir með sína höfðingjasögu og merka sögu Bessastaðaskóla og minjagarðurinn á Hofsstöðum þar sem leifar af næst stærsta skála frá víkingaöld eru til staðar. Þar var á sínum tíma opnuð sýning þar sem útbúið var margmiðlunarefni sem miðlaði sögu staðarins á einstakan hátt.

Nú stendur til að endurskoða það efni sem var unnið í minjagarðinn og skoða með hvaða hætti hægt sé að gera fornminjunum á svæðinu góð skil til næstu ára.

Annar staður er bærinn Krókur á Garðaholti sem er í eigu Garðabæjar og þar hafa bæjarhúsin verið gerð upp í upprunalegum stíl. Lista- og fræðimenn geta sótt þar um vinnuaðstöðu yfir vetrarmánuðina en bærinn er opinn almenningi á sunnudögum yfir sumartímann. Bærinn er gott dæmi um húsakost og lifnaðarhætti alþýðufólks í þessum landshluta á fyrri hluta 20. aldar. Í bænum eru gömul húsgögn og munir sem voru í eigu fjölskyldunnar sem bjó þar.



Minjagarðurinn á Hofsstöðum



2.5 Niðurstöður opins íbúafundar

Starfshópurinn gekkst fyrir opnum íbúafundi í Flataskóla 11. apríl 2018 vegna fjölnota menningar- og fræðamiðstöðvar í Garðabæ.

Yfirsurning fundarins var:

Hvaða starfsemi ætti að vera í fjölnota menningar- og fræðamiðstöð Garðabæjar?

Í **viðauka 2** hér að aftan er samantekt úr umræðuhópum flokkuð í eftirtalda undirflokk:

- Listir og stoðir/atvinnustarfsemi
- Lífið í húsinu – samfélagið – tilgangur
- Húsið sjálft – rými innan sem utan
- Staðsetning
- Fræðsla og viðburðir



Frá opna íbúafundinum í Flataskóla 11. apríl 2018



3. Staðsetning

Samkvæmt erindisbréfi starfshópsins var hópnum falið að leggja til valkosti um staðsetningu fjölnota menningar- og fræðahúss í Garðabæ, m.a. með umferðarmál og aðgengi að leiðarljósi. Starfshópurinn fékk á sinn fund Arinbjörn Viðhjálmsen, skipulagsstjóra Garðabæjar, sem fór yfir áformaða landnotkun í bænum samkvæmt nýju aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030.

Starfshópurinn leggur til að eftirfarandi valkostir verði skoðaðir nánar við ákvörðun á staðarvali fjölnota menningar- og fræðamiðstöðvar í Garðabæ:

- Útbær, svæði 1 - Lambhúsatjörn.
- Innbær, svæði 2 - Fitjatorg.
- Innbær, svæði 3 - Vífilsstaðir.
- Önnur svæði sem nefnd eru til sögunnar í kafla 3.4 hér að aftan.

Verður hér nánar vikið að nokkrum áhersluatriðum sem starfshópurinn fór yfir.

3.1 Útbær, svæði 1 - Lambhúsatjörn


Svæðið er hluti af óreistri byggð á Garðaholti sem þykir vera ákjósanlegt íbúðarsvæði og er eitt stærsta óbyggða byggingarland í Garðabæ.

Yfirbragð - Fræðslugildi

Góð tengsl við ósnortna náttúru. Tengsl við nýja byggð á Garðaholti.

Fræðslugildi m.t.t. náttúru: Tengist nánd við ósnortna náttúru, Lambhúsatjörn, strandlengju bæjarins og Gálgahraun.

Fræðslugildi m.t.t. menningar og sögu: Möguleikar varðandi höfðingjasetrið á Bessastöðum og kirkjustaðinn Garðaholt. Tengsl við sögu Íslands og lýðveldisins.



Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030, Lambhúsatjörn, reitur 1.75b norðan Álftanesvegur

Skipulagsleg staða

Heiti skipulagsreits í aðalskipulagi Garðabæjar: **Lambhúsatjörn**. Núverandi staða: Óbyggt og óskipulagt svæði, reitur 1.75 íb. Skipulagsákvæði: Blönduð byggð, atvinnufyrirtæki og stofnanir næst Álftanesvegi.

Næsta skref: Rammaskipulag þar sem meginþættir nýrrar byggðar á Garðaholti verði ákvarðaðir.

Umferðarmál og aðgengi

Aðgengi akandi umferðar að reitnum **Lambhúsatjörn** er um Álftanesveg. Ljósastýrð gatnamót á mótum Álftanesvegur og Hafnarfjarðarvegur geta valdið töfum á umferð frá svæðinu til suðurs. Gert er ráð fyrir mislægum gatnamótum samkvæmt aðalskipulagi Garðabæjar. Svæðið er í um eins km fjarlægð frá meginþættistöð Strætó við Ásgarð þar sem áform eru um meginþættistöð hágæðakerfis almenningssamganga, Borgarlínu, í framtíðinni.



Aðrar forsendur uppbyggingar

Landsvæðið sem hér er horft til er í eigu Garðabæjar. Að lokinni tengingu götu við Álftanesveg og byggingu veitukerfa er landið tilbúið til uppbyggingar.

3.2 Innbær, svæði 2 - Fitjatorg

Fitjatorg er hluti af óreistri byggð við nýja borgargötu á svæði sem verða mun til við byggingu stokks yfir Hafnarfjarðarveg.

Yfirbragð - Fræðslugildi

Fitjatorg, torgmenning. Borgargata, lifandi jarðhæðir, fjölbreytt efnisval yfirborðs, gróður, listaverk, skjólmyndun. Tengsl við nýja blandaða byggð á Lyngássvæði. Staðsetning við **Fitjatorg** getur styrkt tengsl endurnýjaðs Lyngássvæðis við miðbæ Garðabæjar.

Fræðslugildi m.t.t. náttúru: Tengist nánd við Hraunsholtslæk, sérhönnuð dvalarsvæði.

Fræðslugildi m.t.t. menningar og sögu: Tengist almennt sögu Garðabæjar.



Úr rammaskipulagi Lyngássvæði 2017, Fitjatorg

Skipulagsleg staða

Heiti skipulagsreits í aðalskipulagi Garðabæjar: **Lyngás**, Núverandi staða: Athafna- og iðnaðarsvæði, reitur 2.07 íb. Skipulagsákvæði: Þróunarsvæði þar sem stefnt er að þéttri blandaðri byggð í tengslum við miðbæ. Fyrirliggjandi rammaskipulag frá október 2017.

Næsta skref: Deiliskipulag á grundvelli fyrirliggjandi rammaskipulags.



Úr rammaskipulagi Lyngássvæðis. Borgargata, Hafnarfjarðarvegur kominn í vegstokk. Garðabær og Mannvit, 2017




Umferðarmál og aðgengi

Hafnarfjarðarvegur, öflugur samgönguás milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar með viðkomu í Kópavogi og Garðabæ, liggur gegnum svæðið. Samkvæmt aðalskipulagi Garðabæjar er gert ráð fyrir að Hafnarfjarðarvegur fari í stokk. Aðgengi akandi umferðar að **Fitjatorgi** er um nýja Borgargötu ofan á stokki, auk þess sem betra flæði umferðar verður milli austur- og vesturhluta Garðabæjar með tilkomu stokks.

Undir **Fitjatorgi** er gert ráð fyrir meginstoppistöð hágæðakerfis almenningssamgangna, Borgarlínu í framtíðinni.

Aðrar forsendur uppbyggingar

Stokkur utan um Hafnarfjarðarveg, á milli Vífilsstaðavegar og suður fyrir Lyngás, er forsenda þess að til verði landsvæði til uppbyggingar umhverfis **Fitjatorg** og blandaðrar byggðar meðfram borgargötu.



Borgarlínufarþegar frá Lyngásstöð. 15 mín göngufjarlægð (ljósbrúnt), 15 mín á reiðhjóli (blátt), 15 mín með Strætó (grænt). Garðabær og Mannvit, 2017

3.3 Innbær, svæði 3 - Vífilsstaðir

Svæðið er hluti af óreistri byggð umhverfis Vífilsstaði sem þar gæti risið samkvæmt vinningstillögu samkeppni um rammaskipulag Vífilsstaðalands (desember 2017) og sem tengst gæti gönguás frá Vífilsstöðum að Hnoðraholti um miðkjarna sem gert er ráð fyrir að rísi í Vetrarmýri samkvæmt tillögunni.

Yfirbragð - Fræðslugildi

Góð tengsl við ósnortna náttúru. Tengsl við nýja byggð á Vífilsstöðum, í Vetrarmýri og á Hnoðraholti.

Fræðslugildi m.t.t. náttúru: Tengist nánd við ósnortna náttúru; Vífilsstaðavatn, skógræktarsvæði í Smalaholti og Sandahlíð, Heiðmörk.

Fræðslugildi m.t.t. menningar og sögu: Möguleikar varðandi sögu Vífilsstaða og bæjarins, t.d. sögusafn, byggðasafn.



Horft til Vífilsstaða frá Hnoðraholti.



Skipulagsleg staða

Heiti skipulagsreits í aðalskipulagi Garðabæjar: **Vífilsstaðir**, reitur 4.01 S (samfélagsþjónusta).

Skipulagsákvæði: Blönduð byggð, stofnanir og íbúðir. Möguleiki á byggingu þjónustustofnana og spítala á svæðinu og að þar verði einnig blönduð byggð með íbúðum sem myndar skólahverfi með Vetrarmýri og Hnoðraholti.

Fyrirliggjandi niðurstaða úr samkeppni um rammaskipulag frá desember 2017.


Næsta skref: Ljúka við gerð rammaskipulags fyrir Vífilsstaðaland og deiliskipulag á grundvelli rammaskipulags í kjölfarið.

Umferðarmál og aðgengi

Reykjanesbraut er ein megin stofnbrauta höfuðborgarsvæðisins, öflugur samgönguás milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar með viðkomu í Kópavogi og Garðabæ. Aðgengi akandi umferðar frá Reykjanesbraut er um Vífilsstaðaveg.

Aðrar forsendur uppbyggingar

Hugsanlega þarf að gera samkomulag við ríkið sem er með lóðarleigusamninga um lóðir undir núverandi byggingar á Vífilsstöðum skv. kaupsamningi um land Vífilsstaða frá apríl 2017.



Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030, Vífilsstaðir, reitur 4.01 S (appelsínugulur)

3.4 Önnur svæði

Önnur svæði sem starfshópurinn horfði til og vert er að geta hér eru:

- **Fjósíð á Vífilsstöðum.** Getur í sjálfu sér fallið undir skilgreiningur kafla 3.3. Guðjón Samúelsson arkitekt teiknaði bygginguna, sem viss fengur gæti verið í að eiga og varðveita. Þess má geta að fjósíð er væntanlega sjálfkrafa friðað þar sem það var byggt 1916 og er því orðið meira en 100 ára.
- **Garðatorg.** Gæti styrkt uppbyggingu torgmenningar þar. Hægt væri að taka menningarlega nálgun á Garðatorgið, leita eftir kaupum á Víðishúsinu og byrja uppbyggingu menningar- og fræðaklasa þar, kaupa húsnæði á svæðinu smám saman upp og vinna út frá því í áföngum. Samræmist aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030. Umferð myndi aukast um Vífilsstaðaveg og gatnamót Vífilsstaðavegar og Hafnarfjarðarvegar.
- **Við Arnarnesvog,** t.d. með útfyllingu í sjó. Hugmyndin kallar á breytingu á aðalskipulagi auk þess sem umferð myndi aukast um neðanverðan Vífilsstaðaveg og gatnamót Vífilsstaðavegar og Hafnarfjarðarvegar.



4. Fjárhagslegar hliðar verkefnisins

Kappkosta þarf að framkvæmdarkostnaður og kostnaður við rekstur mannvirkja verði sem hagstæðastur svo að sem mest af opinberu fé til menningarmála fari til listrænnar starfsemi og markmiða sem þar er lagt upp með.

4.1 Rekstrarform

Mikilvægt er að skoða vel hvaða rekstrarform er best til þess fallið að ná fram markmiðum sem sett eru með rekstri menningar- og fræðamiðstöðvar. Spurningin er hvort slíkur rekstur sé best staðsettur innan stjórnkerfis sveitarfélags eða hvort rétt væri að útvísta rekstrinum. Lykilþættir árangurs í rekstri eru skilvirkni í stjórnsýslu, afnám pólitískra tengsla og skýrt umboð stjórnenda. Skoða þyrfti hvort slíkir þættir falla að því rekstrarumhverfi sem sveitarfélag býður upp á. Ein leið væri til dæmis að velta upp hvort rekstri menningar- og fræðamiðstöðvar yrði best fyrirkomið í umgjörð sjálfseignarstofnunar.



Tónlistarveisla í skammdeginu á göngugötunni Garðatorgi 2017. Moses Hightower.

4.2 Rýmisáætlun - kostnaðarmat

Verkefni starfshópsins var að kanna grundvöll fyrir byggingu og starfsemi fjölnota menningar- og fræðamiðstöðvar í Garðabæ og vinna grófa þarfagreiningu þar sem horft er til nýtingar hússins ásamt því að leggja til valkosti um staðsetningu.

Við frekari úrvinnslu þeirra hugmynda sem settar eru fram í greinargerð þessari má varpa fram þeirri spurningu hvort nálgun starfshópsins sé e.t.v. of víð og hvort huga þurfi betur að afmörkun verkefnisins. Þótt áhersla sé á fjölbreytt menningarhús þarf að gæta þess vel að færast ekki of mikið í fang í upphafi.

Eftir að rýmisáætlun á grundvelli endanlegrar þarfagreiningar, þar sem rými eru nánar skilgreind og stærð þeirra áætluð, liggur fyrir og heildarstærð húss/mannvirkja hefur verið ákveðin er hægt að áætla gróflega framkvæmdarkostnað. Við hönnun húss og lóðar verður útfærsla, efnisval og þess háttar ákveðið og þá fyrst verður hægt að áætla heildarkostnað við verkið af meiri nákvæmni.

4.3 Rekstrarkostnaður

Ekki verður á þessu stigi lagt mat á rekstrarkostnað menningar- og fræðamiðstöðvar. Mikilvægt er að fjármunum til rekstursins sé jafnan vel varið. Reikna má með að stuðningur Garðabæjar við starfsemi í húsinu felist annars vegar í að leggja fé til innri leigu fasteignar og í rekstrarframlagi til þeirra verkefna sem kveðið verður á um að verði í húsinu og í samræmi við markmið sem starfseminni verður sett.



Niðurlag

Í samræmi við samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar frá 15. febrúar 2018 hefur starfshópur um fjölnota menningar- og fræðamiðstöð í Garðabæ kannað grundvöll fyrir byggingu og starfsemi slíkrar miðstöðvar í bænum. Samkvæmt erindisbréfi starfshópsins var hópnum jafnframt falið að leggja til valkosti um staðsetningu, m.a. með umferðarmál og aðgengi að leiðarljósi og hefur það einnig verið gert.

Af viðmælendum, sem starfshópurinn kallaði til sín, má ráða að rekstur á miðstöð sem þessari er flókin og margs er að gæta í því sambandi. Flestir nefndu að nauðsynlegt væri að föst starfsemi væri í húsinu á daginn og lykilatriði að líf væri í húsinu allan daginn. Grundvallaratriði væri sterkur listrænn stjórnandi til að starfsemi í miðstöðinni yrði öflug og horfa þyrfti til framtíðar í tækni svo sem varðandi hönnun, lýsingu og fleira.

Miðstöðin getur hýst söfn og sýningar sem laða að innlenda og erlenda ferðamenn en á hinn bóginn komu fram þau sjónarmið að sérstaða hússins þyrfti að vera skýr og voru þá flestir á því að hún ætti að vera bókasafn, tónlist og myndlist. Ólík sjónarmið komu fram um hvort raunhæft og líklegt til árangurs væri að hafa miðstöðina „fjölnota“, þar sem sú nálgun gæti leitt til þess að starfsemin yrði of flókin og ekkert sérstakt sem stæði upp úr sem sérkenni. Hitt sjónarmiðið er að miðað við stærð bæjarfélagsins og landsins væri hagnýtt og snjallt að hafa fjölþætta starfsemi í miðstöðinni.

Til umræðu kom hvort um eina menningarbyggingu ætti að vera að ræða eða þyrpingu/klasa húsa sem byggðar yrðu á lengra tímabili utan um starfsemi í hverju húsi. Einn kostur við þá nálgun væri að kostnaður dreifðist yfir lengra tímabil og hver starfsemi væri með hús við hæfi en saman myndaði klasinn menningar- og fræðapörp. Kostur við eina byggingu gæti hins vegar verið meiri gagnvirkni milli listgreina og sterkari upplifun fólks við að koma inn í viðameira rými. Við frekari stefnumótun þarf að taka ákvörðun um hvor nálgunin þjónar betur markmiðum miðstöðvarinnar og Garðabæjar.

Næsta skref í þessari stefnumótun er að taka afstöðu til þess hvort starfsemin eigi að vera fjölþætt eða þrengri, hver sérstaða miðstöðvarinnar/hússins eigi að vera og hvort miðstöðin verði í einni stórrí byggingu eða í klasa minni húsa. Þótt áhersla sé á fjölbreytt menningarstarf í miðstöðinni þarf að gæta þess vel að færast ekki of mikið í fang í upphafi.

Með greinargerð þessari skilar starfshópur um fjölnota menningar- og fræðamiðstöð í Garðabæ grófri þarfagreiningu þar sem horft er til nýtingar miðstöðvarinnar fyrir fjölbreytta menningar- og fræðastarfsemi allra aldurshópa. Í greinargerðinni er einnig að finna tillögu starfshópsins að valkostum til skoðunar varðandi staðsetningu.

Starfshópurinn þakkar öllum sem komu að vinnslu verkefnisins með hópnum fyrir vel unnin störf.



Viðaukar

Viðauki 1: Minnisblöð frá forstöðumanni Hönnunarsafns Íslands, forstöðumanni Bókasafns Garðabæjar og skólastjóra Tónlistarskóla Garðabæjar.

Minnisblað Sigríðar Sigurjónsdóttur, forstöðumanns Hönnunarsafns Íslands, dags. 23.04.2018

Í framhaldi af samtali með starfshóp um fjölnota menningar- og fræðamiðstöð í Garðabæ set ég hér fram hugleiðingar um starfsemi Hönnunarsafnsins í tengslum við slíka miðstöð.

Hönnunarsafnið er menningar- og fræðamiðstöð á sviði hönnunar. Hlutverk þess er að safna hönnunargripum og varðveita þá sem marktækan vitnisburð um íslenska hönnunar- og listhandverkssögu. Hönnunarsafn Íslands er miðstöð safnastarfsemi á sviði hönnunar og eina sérsafnið á þessu sviði á Íslandi og varðveitir nú hátt í 4000 gripi. Þar geta fræðimenn nálgast safngripi og þekkingu, safnið á frumkvæðið að ýmsum rannsóknum og síðast en ekki síst er hlutverk safnsins að miðla, fræða og kveikja neista og skilning á mikilvægi hönnunar og möguleikum hönnunar í samtímanum og í framtíðinni.

Frá upphafi árs 2018 hafa verið opnaðar tvær nýjar sýningar í safninu auk þess sem safnið hefur staðið fyrir tólf viðburðum af ýmsu tagi svo sem leiðsögnum, smáhúsasmiðjum, dansviðburði tengdum plötuumslagasýningu, smástundamörkuðum, opinni umræðu um skráningu og fleira.

Lifandi sýningar eru nú í anddyri safnsins þar sem hönnuðir eru við störf og geta gestir fylgst með og rætt við hönnuðina. Opin skráningarvinna fer fram í sýningarsal á efri hæð en þar geta gestir fylgst með skráningarferli og fræðst í samtali við starfsfólk sem er að vinna að skráningunni. Þessir liðir eru þættir í því að gera safnið að lifandi stað þar sem fólk á samtöl og fær innsýn inn í safnastarfið og störf hönnuðanna. Í sumar verður kynnt leikfangaverkefni fyrir utan Hönnunarsafnið þar sem gestir og gangandi geta lagst í hengirúm, farið í snú snú eða tekið húla sveiflu um leið og þeir fá nýja sýn á netagerð.

Undanfarið hafa ýmis félagasamtök í auknum mæli sóst eftir að koma í heimsókn eða halda viðburði í safninu. Við sjáum þetta sem jákvæða þróun og hluti af því að gera safnið að eftirsóttum stað þar sem fólki finnst gott og áhugavert að hittast og koma saman.

Það hefur lengi verið draumur forsvarsmanna safnsins að hér verði opnað kaffihús. Kaffihús og safnbúð tengjast daglegu lífi fólks á meðan sýningar eru viðburðir sem fólk heimsækir einu sinni eða tvisvar.

Það er mín skoðun að það sé mjög mikilvægt að Hönnunarsafnið nýti sér og haldi áfram að styrkja sérstöðu sína og eins og hönnunarsöfn annarsstaðar í heiminum og að safnið verði vinsæll áfangastaður fagfólks og áhugafólks um hönnun. Ég sé ekki fyrir mér að það gerist með því að renna saman inn í fjölnota menningar og fræðamiðstöð heldur frekar að Hönnunarsafnið verði hluti af kjarna / þyrpingu þar sem áhersla er lögð á ýmsa menningarstafsemi. Það er til dæmis allt önnur upplifun að ganga úr Gerðarsafni og yfir í Salinn í Kópavogi heldur en ef um væri að ræða



eitt og sama húsið. Annað er tengt við myndlist og hitt við tónlist. Þannig verða til fleiri áfangastaðir, hver með sína sérstöðu en styrkja hvor annann. Ég sé til dæmis ekki fyrir mér Hönnunarsafnið virka inni í Hörpunni eða Hofi þó svo um glæsilegar menningarmiðstöðvar sé að ræða og frábæra starfsemi.

Ég sé fyrir mér að slíkur Kjarni gæti verið á Garðatorgi. Hann gæti líka verið við sjávarsíðuna þar sem til stendur að opna veitingahús. Nálægðin við hafið og göngustígana myndi skapa óviðjafnanlegt umhverfi sem myndi draga að. Vífilstaðir eru líka góð staðsetning og frá bæjardýrum Hönnunarsafnsins væri gamla fjósið teiknað af Guðjóni Samúelssyni mjög spennandi sýningaraðstaða fyrir Hönnunarsafn. Önnur menningarstarfsemi væri svo í húsum í kring en nýlega var kynnt nýtt skipulag fyrir þetta svæði.

Vífilstaðabærinn gengi í endurnýjun lífdaga þar sem lögð væri stund á að rækta menningu og listir og allir fengju að njóta uppskerunnar í dásamlegu umhverfi í nálægð við Heiðmörkina sem býður upp á ýmsa skemmtilega möguleika hvað varðar útivist og nýtingu náttúrunnar.

Þessi tenging væri mjög spennandi fyrir Hönnunarsafnið en sem dæmi voru tveir hönnuðir í safninu allt síðastliðið sumar sem voru að eyma íslenskar jurtir og nýta þær í reykelsi, kerti, ilmkjarnaolur og fleira. Það var einnig mjög glæsileg hönnunarsýning í Heiðmörkinni á HönnunarMars í vor.

Það er engin spurning að Garðabær er fullur af spennandi tækifærum.

Minnisblað Margrétar Sigurgeirsdóttur, forstöðumanns Bókasafns Garðabæjar.

Greinargerð - Menningarhús Garðabæjar

Bókasafn Garðabæjar er stærsta menningarstofnun Garðabæjar. Markmið bókasafnsins er að jafna aðgengi bæjarbúa að menningu og þekkingu. Frá hausti 2015 hefur verið unnið að nýjum áherslum bókasafnsins með því markmiði að efla ímynd þess og styðja við hlutverk þess í samfélaginu. Þessi nýja áhersla eflir hlutverk Bókasafns Garðabæjar sem menningarmiðju og fræðslustofnun. Megin áherslan er á gestinn.

Þarfir – samverustaður og til þjónustu

Vörumerkið bókasafn er rótgróið og hefur góða ímynd. Bókasafnið er opinn vettvangur þar sem fólki líður vel, heimili að heiman, þriðji staðurinn. Ýmisskonar rekstur hentar með almenningabókasafninu og er oft eftirspurn eftir kaffihúsi, bókabúð, fjölnotasölum, fræðslu, viðburðum af ýmsu tagi og framkvæmda-, innblásturs- og lærdómsrými.

Bókasafnið á Garðatorgi er í fremur litlu og óhentugu húsnæði og getur ekki nýtt þjónustumöguleika sína til fulls vegna þess. Til dæmis vantar rými fyrir upplýsingatækni, þrívíddarprentara, sköpunarrými og fleira í þeim dúr. Bókasafnið getur ekki boðið upp á hljóðlát rými fyrir lesbása og borð og svo mætti lengi telja.



Hvernig á fræðslu- og menningarhús Garðabæjar að vera?

Bókasafn, tónlistarhús/skóli, byggðasafn (ljósmyndir/sögusýning Garðabæjar), héraðsskjalasafn, hönnunarsafn, listasalur, þjónustumiðstöð bæjarins, ferðaþjónusta, bókabúð, verslun og kaffihús/veitingastaður er dæmi um fína starfsemi í menningarhúsi Garðabæjar.

Almenningsbókasöfn styðja við menntun, stuðla að læsi og ævilöngu námi. Almenningsbókasöfnin kynna menningu af ýmsu tagi.

Bókasafnið er góður grunnur fyrir menningarhús í Garðabæ. Allskonar söfn og menningarstarfsemi geta sameinast undir einu þaki eða í klasa. Þá er komið tækifæri að opna áttthaga- og ljósmyndasafn til að geyma sögu Garðabæjar. Væri tækifæri að koma héraðsskjalasafni af stað ef þess er þörf. Það þekktist að bókasafnið er sameiningartákn í menningarhúsum enda eru þau oftast stærsta og fjölsóttasta menningarstofnunin í borgum og bæjum.

Ég sé fyrir mér hús eða klasa á sama bletti í miðbæ þannig að Garðbæingar geti komið þar inn og upplifað allskonar stemningu, farið á sýningar, hlustað á tónlist og búið til. Það aðstöðu, fengið sér að borða, fræðst, hangið og leikið sér. Fólk vill skemmtilega afþreyingu, leiksvæði, gagnvirka tölvuleiki og allskonar. Bygging/arkitektúr hússins þarf að henta starfseminni með söllum/herbergjum fyrir bæði innri starfsemi bæjarins og aðra sem vilja fá lánaða aðstöðu. Hús sem er hægt að nota fyrir ýmis listamannafélög, félagasamtök, sjálfsprottna hópa og síðast en ekki síst einstaklinga.

Aðalmálið er að slíkt hús sé staðsett miðsvæðis og myndi miðbæjarkjarna. Staðsetning skiptir alltaf gríðarlegu máli með svona hús til að það nýtist flestum sem best (Garðatorg, á Vistor lóðinni, við Silfurtúnið). Að því þurfa að vera góðar almenningssamgöngur og næg bílastæði. Vegir liggja til allra átta.

Síðast en ekki síst vantar bókasafnið stærra húsnæði þar sem er vítt til veggja, nægjanleg lofthæð og bjart, húsnæði sem stenst kröfur um nútímalegt almenningsbókasafn og Garðbæingar geta verið stoltir og ánægðir með. Við sjáum tækifæri til þess í menningarhúsi Garðabæjar.

Hafa í huga

Skot-Hansen, Rasmussen og Jochumsen (2013) segja að almenningsbókasafnið sem menningarhús þurfi að hafa margt á boðstólnum til að vera menningarmiðja og verða þannig hluti af því sem gerir samfélagið að eftirsóttum búsetukosti. Þannig hafa almenningsbókasöfn dregið fram einkenni og samheldni staðarins og auðgað samfélagið, hvatt til samstarfs, sköpunar og haft jákvæð áhrif á félags- og efnahagslega þætti. Þeir félagar lögðu fram líkan varðandi markmið almenningsbókasafna og taka þar fram fjóra þætti sem eru:

Þekking/reynsla (e. Experience) – bókasafnið býður upp á aðstöðu fyrir lærdóm og miðlun. Húsið býður upp á rými sem henta fjölbreyttu starfi eins og söfnum, leiksýningum, tónleikum, fyrirlestrum, funda og námskeiðahaldi, smíðjum og sýningum. Fjölnota og breytilegt rými. Hæft starfsfólk til að miðla.



Þátttaka (e. Involvement) – staður fyrir fólk og þarfir þess. Skapa umhverfi sem þjónar notendum, vettvangur fyrir fólk að vera á og býr til tækifæri til þátttöku og samveru. Þar fer fram miðlun gagna, sýningar og viðburðir.

Sjálfsefning (e. Empowerment) Fjölbreyttur safnkostur og aðstaða. Fólk geti dvalið á staðnum til eflingar og fengið innblástur í gegnum hefðbundna starfsemi sem eru bækur, gögn, listir, viðburðir, sýningar og klúbbar. Nota nýja miðla og gagnvirkni í leik og lærdómi. Koma á samvinnu milli fólks (gesta og sérfræðinga eins og listamanna, upplýsingatæknifólks og fleiri) sem skilar sér í nýsköpun, fræðslu, sýningum og viðburðum.

Nýsköpun (e. Innovation) Aðstaða sem ýtir undir læsi, leik, sköpun og innblástur. Rými sem ýtir undir tækniþekkingu, tæknilæsi og stafræna færni. Tæknibúnaður eftir þörfum.

Þetta eru allt mikilvægir þættir í menningarhúsi sem á að vera líflegt frá morgni til kvölds.

Miðlægt menningar- og fræðslusetur, dæmi

Við höfum fjölmörg dæmi um að almenningabókasafnið sem undirstöðu menningar og samveru.

Dokkan (Dokk1) Árósum í Danmörku er fjölnota rými þar sem allskonar starfsemi er í sölum fyrir fræðslu, námskeið, fundi, sýningar, vinnuaðstöðu, kaffihús og fleira í þeim dúr. Í Árósum var starfsfólk bókasafnsins leiðandi í undirbúningsvinnu fyrir nýtt hús. Má skoða önnur dæmi víða á Norðurlöndum og á minni stöðum líka, eins til dæmis og Mariehamn á Álandseyjum.

Borgarbókasafn hefur verið í broddi fylkingar á Íslandi í þessum efnum. Bókasöfnin hafa verið gerð upp og jafnvel færð. Bókasafnið í Spönginni var áður í Grafarvogskirkju. Bókasafnið í Gerðubergi er með fjölbreytta starfsemi. Þar fer fram viðuburðir, sýningahald og félagsstarf. Salir og fundarherbergi eru leigð út auk þess sem ýmis félagasamtök og sjálfsprottnir hópar hafa aðstöðu í húsinu til lengri eða skemmri tíma. Á efri hæð hússins er rekið kaffihús þar sem er boðið upp á léttan hádegismat og kaffiveitingar fyrir gesti og gangandi. Einnig er tónlistarskóli í nágrenninu. Borgarbókasöfn notar orðið menningarhús yfir starfsemi safnanna í dag.

Önnur dæmi: Menningarmiðstöð Hafnar í Hornafirði, Menningarhúsið Berg á Dalvík, Menningarmiðstöð Þingeyinga á Húsavík, Safnahús Vestmannaeyja og Safnahúsið á Ísafirði.

Heimildir:

Þjónustustefna Borgarbókasafns, sótt 9.apríl 2018.

http://borgarbokasafn.is/sites/default/files/%C3%9Ej%C3%B3nustustefna_BBS_%202017-2020_0.pdf

Skot-Hansen, D., Rasmussen, C. H. og Jochumsen, H. (2013). The role of public libraries in culture-led urban regeneration. *New Library World*, 114(1/2), 7-19.



Minnisblað Laufeyjar Ólafsdóttur, skólastjóra Tónlistarskóla Garðabæjar, dags. 23.04.2018.

Efni: Fjölnota menningar- og fræðamiðstöð í Garðabæ

Tónlistarskóli Garðabæjar fagnar hugmyndum um fjölnota menningar- og fræðamiðstöð í Garðabæ til eflingar á menningarlífi í bænum.

Hvað varðar möguleika tónlistarskólans á að nota húsnæðið þá væri tónleikasalur fyrir um 350-400 áheyrendur ákjósanlegur. Salur tónlistarskólans rúmar um 120 manns og er of lítill fyrir stærri tónleika skólans s.s. blásarasveitatónleika, en afar hentugur fyrir hefðbundna tónleika. Stærri tónleika og viðburði höfum við til þessa haldið í Vídalínskirkju.

Í tónleikasal þarf að huga að góðu upphækkuðu sviði sem myndi rúma blásarasveit, kóra, leikhópa o.s.frv., áriðandi að hljómburður sé góður, konsertflygill er nauðsynlegur. Þá þarf að huga að hljóðvist úr og í sal þ.e. á milli rýma til að notkun sé ekki háð annari starfsemi. Hljóðkerfi sem hentar öllum tegundum tónlistar og lýsing.

Við hönnun hússins þar að huga að aðgengi til að koma hljóðfærum inn og út af sviði (nógu stór hurðarop) og einnig til að koma þeim inn í húsið. Menningarhúsið þarf af hafa minni rými fyrir viðburði líkt og kaffihúsatónleika, tónleika rytmadeildar, Jazzhátíð Garðabæjar.

Menningarhús þarf að hýsa fjölpætta lista- og menningarstarfsemi s.s. myndlist, leiklist, dans, kórastarf, hljómsveitarstarf, bókasafn ofl. Starfsemin þarf að vera sýnileg í húsinu þannig að gestir njóti og kynnist sem því sem fram fer.

Fallegt kaffihús/veitingasala er mikilvæg í menningarhúsi svo hægt sé að koma saman á undan eða á eftir viðburðum eða bara til að njóta umhverfis, nándar við menningarstarfsemi og samveru.

Það skiptir máli að aðkoma að menningarhúsi og útsýni úr því sé fallegt því það setur tóninn fyrir þá upplifun sem viðburðir og starfsemin í húsinu hefur upp á að bjóða.



Viðauki 2: Helstu niðurstöður opins íbúafundar 11. apríl 2018

Samantekt úr umræðuhópum

Yfirsurning fundarins var:

Hvaða starfsemi ætti að vera í fjölnota menningar- og fræðamiðstöð Garðabæjar?

Helstu niðurstöður:

Listir og stoðir/atvinnustarfsemi:

Tónlistarhús, listahátíðir, myndlistarrými, barnamenning, dans, leiklist, sýningaraðstaða, uppistand, áhersla á fagmennsku, tónleikahald, bókasafn, ráðstefnur, kennsla, tónlistarskóli, upplýsingamiðstöð, veitingarstaður, kaffihús, söfn, listasafn Garðabæjar, safnbúðir, verslun, Fab lab, nýsköpunarmiðstöð, skrifstofur til leigu, hljóðver, vinnustofur listamanna, gagnvirk sýning á sögu Garðabæjar, æfingaaðstaða fyrir kóra, hljómsveitir.

Lífið í húsinu – samfélagið – tilgangur:

Samfélagsmiðstöð, klúbbastarf, barnamenning, skapandi starf eldri borgara, menningarstarfsemi á einum stað, langur opnunartími, aðstaða fyrir félög, verkstæði, aðstaða til nýsköpunar, opið alla daga, gróf rými fyrir listsköpun, æskulýðsstarf, leikur í húsinu allan daginn, alþýðulegt, opið rými fyrir bæjarbúa, pláss fyrir grasrótina, höfða til allra aldurshópa, öflugra menningarlíf, sýnilegri menning, samkomustaður Garðbæinga, afslöppun, gleði, unglingsmiðstöð.

Húsið sjálft – rými innan sem utan:

Húsið veki athygli þegar komið er að, fjölnotarými, salir til útleigu, myndlistarsalur, gott svið, upptökuaðstaða, fundarsalir, næg bílastæði, ráðstefnusalur, útilistaverk, samkeppni um hús, hús með 2-3 sali, salur fyrir 300-500 manns, opið svæði utandyra, aðgengi fyrir fatlaða, breytanleg rými, rými fyrir börn, hljómburður, fundarherbergi fyrir litla hópa, góð hönnun og viðeigandi hönnun fyrir starfsemi, gosbrunnur, útisvæði fyrir sýningar.

Staðsetning:

Grundarhverfi, Sjáland, Arnarnesvogur, Garðaholt, miðsvæðis, Vífilsstaðir, miðbær Garðabæjar, Álftanes, Klaustrið, nýta það sem fyrir er, gott aðgengi fyrir akandi og gangandi umferð, útsýni til fjalla og sjávar.

Fræðsla- og viðburðir:

Skólar hafi aðgang að rýmum, námskeið fyrir börn og fullorðna, skapandi fræðslusetur, fyrirlestrar og fræðsla, íbúafundir, bókamessa, byggingar- og menningarsaga Garðabæjar, handverkssýningar, myndlistarskóli.